**Páll Helgason**, f. 6. okt. 1970 í Reykjavík, verkfræðingur í Reykjavík.

For.: **Helgi Þórhallsson**, efnaverkfræðingur í Reykjavík, f. 4. júlí 1949 í Reykjavík, og k. h. **Ingibjörg Pálsdóttir**, lyfjafræðingur, f. 14. des. 1949 í Reykjavík.

Föðurfor.: **Þórhallur Halldórsson**, mjólkuriðnaðarverkfræðingur í Reykjavík, f. 8. des. 1922 á Hvanneyri, Andakílshr., Borg., og k. h. (skildu) **Þóra Helgadóttir**, bankamaður í Kópavogi, f. 30. nóv. 1922 í Reykjavík.

Móðurfor.: **Páll Sigurðsson**, læknir og ráðuneytisstjóri í Reykjavík, f. 9. nóv. 1925 í Reykjavík, og k. h. **Guðrún Jónsdóttir**, geðlæknir, f. 6. okt. 1926 í Reykjavík.

Námsferill: Stúdent frá MH 1990. Siv.Ing.-próf frá NTH í Þrándheimi 1995.

Starfsferill: Kerfishönnuður hjá Streng hf. frá 1995. *

**Páll Aðalsteinn Höskuldsson**, f. 3. júní 1962 á Húsavík, efnaverkfræðingur í Mosfellsbæ.

For.: **Höskuldur Aðalsteinn Sigurgeirsson**, forstjóri á Húsavík, f. 19. maí 1932 á Húsavík, og k. h. **Hólmfríður Jóna Hannesdóttir**, f. 17. nóv. 1930 í Reykjavík.



Föðurfor.: **Sigurgeir Aðalsteinsson**, verslunarmaður á Húsavík, f. 5. mars 1898 á Húsavík, d. 25. mars 1938, og k. h. **Kristín Aðalsteinsdóttir**, f. 10. maí 1902, d. 22. des. 1964.

Móðurfor.: **Hannes Jónsson**, bóndi á Staðarhóli, Aðaldælahr., S.-Þing., f. 24. febr. 1900, d. 6. júlí 1966, og k. h. **Halldóra Magnúsdóttir**, f. 9. okt. 1898, d. 20. júlí 1976.

Námsferill: Stúdent frá MH 1982. B.Sc.-próf í efnafræði frá HÍ 1987. M.Sc.-próf í efnaverkfræði frá Chalmers Tekniska Högskola í Gautaborg, Svíþjóð, 1990.

Starfsferill: Forstöðumaður rannsóknarstofu Áburðarverksmiðjunnar hf. frá 1990.

– K. 6. okt. 1966, **Jóhanna Björg Hansen**, f. 12. nóv. 1966 í Reykjavík, byggingarverkfræðingur.

For.: **Paul Bjarne Hansen**, vél- og rekstrarfræðingur í Mosfellsbæ, f. 17. sept. 1936 í Gentofte í Danmörku, og k. h. **Elsa Norðdahl Sigurðardóttir**, hjúkrunarfræðingur, f. 17. nóv. 1939 á Háreksstöðum, Norðurárdalshr., Mýr.

Börn þeirra: a) **Bjarni Páll**, f. 16. mars 1991 í Reykjavík. b) **Anna Þuríður**, f. 25. maí 1993 í Reykjavík.

**Páll Jensson**, f. 3. okt. 1947 á Reyðarfirði, rekstrarverkfræðingur, prófessor í Reykjavík.

For.: **Jens Pálsson**, símstöðvarstjóri á Reyðarfirði, síðar umdæmisstjóri á Brú í Hrútafirði, f. 9. mars 1916 í Reykjavík, og k. h. (skildu) **Sigurrós Oddgeirsdóttir**, póstafgreiðslumaður, síðar í Hafnarfirði, f. 24. júlí 1917 í Ási við Hafnarfjörð, d. 13. sept. 1992.



Föðurfor.: **Páll Sigurðsson**, prestur í Bolungarvík, f. 29. ágúst 1884 í Garðhúsum í Garði, Gerðahr., Gull., d. 15. júlí 1949, og k. h. (skildu) **Þorbjörg Steingrímsdóttir**, f. 8. des. 1885, d. 18. nóv. 1962.

Móðurfor.: **Oddgeir Þorkelsson**, bóndi í Ási, f. 27. maí 1881 á Ásólfsstöðum, Gnúpverjahr., Árn., d. 16. nóv. 1962, og k. h. **Guðrún Árnadóttir**, f. 7. febr. 1879 í Víðinesi, Kjalarneshr., Kjós., d. 7. júlí 1973.

Námsferill: Stúdent frá MR 1966. Fyrrihlutapróf í vélaverkfræði frá HÍ 1969. M.Sc.-próf í rekstrarverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn 1972, Lic.Techn.-próf í aðgerðarannsóknum frá sama skóla 1975.

Starfsferill: Kerfisverkfræðingur hjá IBM á Íslandi 1975-77. Forstöðumaður Reiknistofnunar HÍ 1977-87. Prófessor við verkfræðideild HÍ, véla- og iðnaðarverkfræðiskor frá 1988. Gestaprófessor við Stanford háskóla haustið 1982, við University of Florida haustið 1987, við Oregon State University vorið 1991 og við Columbia University vorið 1995.

Félags- og trúnaðarstörf: Varaformaður VFÍ 1983-84. Formaður Skýrslutæknifélags Íslands 1987-88. Formaður SURÍS, samtaka um upplýsinganet rannsóknaraðila á Íslandi 1988-89 og 1994-95. Í stjórn Sjávarútvegsstofnunar HÍ frá 1990. Fulltrúi Íslands í NORDINFO 1991-94. Í

upplýsingatækninefnd NORDTEST frá 1994. Formaður verkefnishóps um Mývatnsrannsóknir umhverfisráðuneytisins 1992-94. Í stjórn Tæknivals hf. frá 1994. Í stjórn Pípugerðar Reykjavíkur hf. frá 1994. Ráðgjafi ýmissa fyrirtækja um aðgerðarrannsóknir, upplýsingatækni, arðsemismat og framleiðslu- og birgðastjórnun. Kennari á endurmenntunarnámskeiðum um þessi efni og fyrirlesari á ráðstefnum og fundum hérlendis sem erlendis.

– K. 15. júlí 1972, **Anna Jensdóttir**, f. 15. jan. 1948 í Reykjavík, leikskólakennari.

For.: **Jens Kristinn Sigurðsson**, skipstjóri á Húsavík, síðar hafnarstjóri í Þorlákshöfn, f. 24. des. 1919 í Flatey á Skjálfanda, og k. h. (skildu) **Þorbjörg Friðrika Jónsdóttir**, f. 13. sept. 1921 á Fagranesi á Langanesi, Sauðaneshr., N.-Þing.

Börn þeirra: a) **Hildur**, f. 10. okt. 1973 í Danmörku. b) **Hlynur Páll**, f. 6. febr. 1977 í Reykjavík.

**Páll Jóhannsson**, f. 10. ágúst 1941 í Reykjavík, byggingarverkfræðingur í Los Angeles, Kaliforníu, Bandaríkjunum.



For.: **Jóhann Pétur Einarsson**, iðnverkamaður í Reykjavík, f. 14. nóv. 1908 í Litlu-Gröf, Borgarhr., Mýr., d. 11. nóv. 1990, og k. h. **Sigrún Stefanía Pálsdóttir**, kennari, f. 12. febr. 1917 á Sauðanesi, Torfalækjarhr., A.-Hún.

Föðurfor.: **Einar Guðmundsson**, bóndi í Litlu-Gröf, f. 15. okt. 1882 í Þorgeirsstaðahlíð, Miðdalahr., Dal., d. 17. jan. 1934, og k. h. **Bergljót Guðmundsdóttir**, f. 30. okt. 1880 í Gröf, Miðdalahr., d. 19. jan. 1917.

Móðurfor.: **Páll Jónsson**, bóndi og búfræðingur á Sauðanesi, f. 15. mars 1875 á Sauðanesi, d. 24. okt. 1932, og k. h. **Sesselja Þórðardóttir**, f. 29. ágúst 1888 á Steindyrum, Svarfaðardalshr., Eyjaf., d. 10. sept. 1942.

Námsferill: Stúdent frá ML 1961. Fyrrihlutapróf í verkfræði frá HÍ 1966. Próf í byggingarverkfræði frá DTH í Kaupmannahöfn 1970.

Starfsferill: Verkfræðingur hjá Larsen & Nielsen Enterprise A/S í Brikerød, Danmörku frá 1970.

– K. 2. sept. 1973, **Hólmfríður Pálsdóttir**, f. 5. nóv. 1949 á Akureyri.

For.: **Páll Axelsson**, kaupmaður á Akureyri, síðar fasteignamiðlari í Kaupmannahöfn í Danmörku, f. 2. sept. 1927 á Akureyri, og k. h. **Lovísa Jónsdóttir**, sjúkraliði, f. 6. okt. 1927 á Dalvík.

Barn þeirra: a) **Axel**, f. 28. des. 1973. *

**Páll Lúðvíksson**, f. 11. mars 1926 í Reykjavík, vélaverkfræðingur í Reykjavík.

For.: **Lúðvík Sveinn Sigmundsson**, vélstjóri og yfirverkstjóri í Reykjavík, f. 29. júlí 1903 í Reykjavík, d. 1. jan. 1947, og k. h. **Alexía Sesselía Pálsdóttir**, f. 29. maí 1900 í Reykjavík, d. 20. júní 1976.



Föðurfor.: **Sigmundur Sveinsson**, húsvörður í Miðbæjarskólanum í Reykjavík, f. 9. apríl 1870 í Gerðum í Garði, d. 10. ágúst 1962, og k. h. **Kristín Símonardóttir**, f. 5. júní 1878 í Miðey, V.-Landeyjahr., Rang., d. 3. sept. 1944.

Móðurfor.: **Páll Hafliðason**, skipstjóri í Reykjavík, f. 20. sept. 1857 í Gufunesi, Mosfellshr., Kjós., d. 12. maí 1937, og k. h. **Guðlaug Ágústa Lúðvígsdóttir**, f. 15. ágúst 1876 í Reykjavík, d. 10. maí 1962.

Námsferill: Stúdent frá MR 1947. Fyrrihlutapróf í verkfræði frá HÍ 1950. Próf í vélaverkfræði, með kælitækni sem aðalfag frá DTH í Kaupmannahöfn 1953.

Starfsferill: Verkfræðingur hjá Verkfræðistofu P. Schönning í Kaupmannahöfn 1953, hjá tæknideild Sambands íslenskra samvinnufélaga 1953-86. Stofnaði ráðgjafarfyrirtækið Nýju teiknistofuna hf. 1986, ásamt samstarfsmönnum tæknideildar SÍS, sem þá var lögð niður, og starfaði þar 1986-95. Stundakennari við vélaverkfræðiskor verkfræðideildar HÍ, í kælitækni, 1974-81.

Félags- og trúnaðarstörf: Í stjórn SV 1958, varamaður í stjórn SV 1963-64, varaformaður stjórnar SV 1968-70. Í stjórn VVFÍ 1964-65. Í ritnefnd TVFÍ 1972-74. Í kynningar- og ritnefnd TVFÍ 1974-86. Ritstjóri Fréttabréfs VFÍ 1976-84.